



Laufblaðið

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands

3. árg. 1994 1. tbl.



Frá Siglufirði.

Mynd: J.G.P. (S.Í.)

Fimmtíu ára afmæli Landgræðslusjóðs

Landgræðslusjóður, jafnaldri lýðveldisins, er stofnaður á hugsjónatímum þegar Íslendingar varpa endanlega af sér oki aldalangra yfirráða. Mönnum varð tíðrætt um framtíð landsins og lýðveldiskosningarnar gáfu tilefni til að hugleiða með hvaða hætti mætti marka þessi tímamót.

Arngrímur Kristjánsson skólastjóri í Reykjavík sem átti sæti í landsnefnd kosninganna lagði til að landsmenn efndu til skógræðslu í stærri stíl en fyrr með almennum samskotum.

Þessi tillaga var lögð fyrir landsnefnd kosninganna og stjórn Skógræktarfélags Íslands, þar sem henni var fagnað. Landsnefndin lét gera merki með þremur bjarkarlaufum, sem kjósendur skyldu fá til þess að bera í barmi sér, til að minna á stofnun sjóðsins. Val merkisins og stofnun sjóðsins var byggt á þeirri hugsun, að

sjálfstæðisbaráttan héldi áfram, og skyldu bjarkarlaufin minna Íslendinga sérstaklega á að eftir að hið stjórnarfrarslega sjálfstæði væri fengið yrði merkasti þátturinn í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar að klæða landið skógi.

Landsnefndin afhenti síðan Skógræktarfélagi Íslands merkið að gjöf fyrir kosningarnar og skyldi það verða merki Landgræðslusjóðs. Kosningadagana söfnuðust samtals 380 þúsund krónur en sú upphæð samsvarar um 20 milljónum króna á núgildandi verðlagi.

Fimmtíu árum síðar er staðan mikið breytt og víða getur að líta árangur sem Landgræðslusjóður hefur styrkt á einn eða annan hátt.

Skógræktarfélagin sem nú eru fimmtíu talsins hafa alla tíð notið fjárhagslegs stuðnings sjóðsins.

Afkomendur þeirrar kynslóðar sem tók þátt í kosningum fyrir fimmtíu árum njóta nú víða um land þeirra ávaxta sem sáð var til með stofnun sjóðsins. Víða hafa skógræktarfélagin komið upp fallegum unaðsreitum sem almenningur hefur aðgang að og sífellt fleiri sækja heim. Á kosningadag sveitarstjórna sem er framundan munu skógræktarfélagin fylkja sér um meginmarkmið sjóðsins „að klæða landið skógi“. Með því að kaupa merki sjóðsins, bjarkarlaufin þrjú, eflum við skógræktarstarfið í landinu, skógarnir stækka og þeim mun fjölga og nýir bætast við. Við eygjum framtíðarsýn sem ekki verður bara draumsýn heldur nýtt og byggilegra Ísland. Enn í dag eru gömlu vígorðin í fullu gildi sem notuð voru fyrir hálfri öld

„minnumst skuldar vorrar við landið“.

Fréttir af Landgræðsluskógræktinni

Landgræðsluskógræktin heldur ótrauð áfram og ekki er séð fyrir endann á því mikla verkefni sem hafist var handa við vorið 1990. Hér verður fjallað um það helsta sem er að gerast í þessari grein skógræktarinnar.

Könnun á áframhaldi starfsins.

Skf. Íslands gerði síðastliðið haust könnun meðal þátttakenda á því hvort, hve miklu og hvaða tegundum þeir hefðu áhuga á að planta á næstu þremur árum.

Í boði var að velja plöntur af átta aðaltegundum og þrettán aukategundum.

Í könnuninni kom í ljós að mikill áhugi er enn fyrir hendi og alls vildu menn planta um 1,4 milljónum plantna árlega næstu þrjú árin.

Tekið var vel í það að geta valið sýnishorn af öðrum tegundum en þeim sem notaðar hafa verið fram til þessa. Með því móti skapast meiri fjölbreytileiki og einnig reynsla af fleiri tegundum.

Við dreifingu plantna núna í vor er reynt eins og kostur er að taka tillit til þeirra óska sem komu fram í könnuninni.

Ljóst er að könnun af þessu tagi er mjög mikilvæg til að geta gert sæmilegar áætlanir um tegundaskiptingu og framleiðslu plantna fyrir landgræðsluskógræktina. Vætanlega verður hún því endurtekin næsta haust.

Útboð á plöntuframleiðslu til Landgræðsluskóga.

Í vetur efndi Skógrækt ríkisins til útboðs á hluta þeirra plantna sem eiga að fara í landgræðsluskógræktina á næsta ári og árið 1996. Alls var boðin út framleiðsla á 800.000 plöntum. Tekið var tilboði frá Barra hf. á Egilsstöðum. Innifalinn í útboðinu er flutningur á plöntum á ákvörðunarstað.

Stuðst var við fyrrnefnda könnun við skiptingu á plöntufjölda milli trjátegunda. Á næsta ári má því búast við að menn fái þær tegundir sem þeir óska eftir.

Gróðursetning í sumar.

Í ár munu gróðrarstöðvar Skógræktar ríkisins, eins og síðastliðin tvö ár, leggja til allar plöntur í landgræðsluskógræktina. Á boðstólum verður a.m.k. ein milljón plantna.

Flestar plönturnar voru ræktaðar í fyrra en sáð var til hluta þeirra

snemma í vor í gróðrarstöðinni á Hallormsstað og verða þær tilbúnar í lok júní ef allt gengur að óskum.

Þessa stundina er verið að leggja lokahönd á skiptingu plantna á landgræðsluskógasvæðin.

Landgræðsla ríkisins mun eins og síðastliðið sumar sjá um flutning á plöntum.

Ný lönd - nýir þátttakendur.

Á hverju ári bætast við landgræðsluskógasvæðin ný lönd hjá þeim aðilum sem hafa verið með áður þar sem eldri svæði eru fullplöntuð. Einnig eru nýir aðilar að gerast þátttakendur. Heildarfjöldi svæða er að nálgast níunda tuginn.

Í sumar bætast í hópinn eftirtalin svæði:


Hveragerði. Svæðið er innan við Hamarinn í Hveragerði, um 75 ha að stærð.

Grenivík: Þar eru það hlíðar Þengilhöfða, 106 ha, í bæjargirðingunni á Grenivík.

Í Örefasveit Irpumelar, 16 ha.

Við óskum þessa nýju þátttakendur velkomna til starfa !

Gróðursetning á vegum Landgræðsluskóga 1990-93, ásamt óskum um plöntur fyrir árin 1994-96



Flokkstjóranámskeið í gróðursetningu og umhirðu ungplantna

Eftir því sem árin hafa liðið í landgræðsluskógræktinni hefur þátttaka sumarvinnu flokka aukist ár frá ári. Þessir vinnuflokkar eru oftast á vegum sveitarfélaga eða skógræktarfélaga. Í flokkunum eru ungmenni og í seinni tíð hafa atvinnulausir verið ráðnir í auknum mæli tímabundið í slík ræktunarstörf.

Til þess að stýra flokkunum eru ráðnir flokkstjórar og er afar mikilvægt að þeir skili góðu starfi. Engir eru í betri aðstöðu til að gera ræktunarstarfið happadýgra og ánægjulegra. Þekking þeirra og þjálfun skiptir því sköpum um árangur starfsins. Þeir sem veljast sem flokkstjórar eru að stærstum hluta námsmenn eða atvinnulaust fólk. Þónokkur hluti þeirra er að takast á við það verkefni í fyrsta sinn að stjórna og hafa umsjón með fólki og þar að auki

eru fjölmargir sem eru í fyrsta sinn að koma nálægt gróðursetningar- og umhirðustörfum.

Um nauðsyn á námskeiði fyrir flokkstjóra sem stjórna vinnu við gróðursetningu og umhirðu trjáplantna hefur verið mikið rætt og hefur Skf. Íslands fengið fjölda áskorana úr ýmsum áttum um að halda slíkt námskeið. Það sem staðið hefur í vegi fyrir því að úr yrði, fram til þessa, er fjármögnun við gerð námsefnis og námskeiðahalds en nú hefur atvinnuleysistryggingasjóður hlaupið undir bagga og styrkir S.Í. til þess að halda námskeið nú í vor.

Undirbúningur hefur staðið síðan í lok mars og er verið þessa dagana að leggja lokahönd á skipulagningu og gerð námsefnis.

Námskeiðið tekur einn dag og

stendur frá 9-16. Fyrir hádegi verður bókleg kennsla en eftir hádegi verður farið út þar sem sýndar verða aðferðir við gróðursetningu og umhirðu auk þess sem þátttakendur fá að spreyta sig sjálfir. Alls verða haldin a.m.k. 13 námskeið. Fjögur námskeið verða í Reykjavík og níu á landsbyggðinni. Þau verða haldin á tímabilinu 24. maí fram til 9. júní.

Þátttaka ætlar að verða framar björtustu vonum og þegar er búið að skrá um 140 þátttakendur.

Skf. Íslands hefur fullan hug á að halda áfram námskeiðahaldi af þessu tagi ef vel tekst til. Vel má vera að bryddað verði upp á nýju efni eins og t.d. námskeiði í stígagerð sem einnig er mjög aðkallandi að halda.

Nýtt skógræktarfélag

Þann átjándan mars sl. var stofnað skógræktarfélag á Ólafsfirði en félagið er fimmtugasta aðildarfélag Skógræktarfélags Íslands. Ólafsfirðingar eru ef til vill þekktari í hugum margra fyrir annað en skógrækt, m.a. góða skíðakunnáttu. Það þarf hins vegar ekki að koma á óvart að Ólafsfirðingar stofni skógræktarfélag þegar haft er í huga hve almennur áhugi er á málefnum hér á landi. Víðs vegar í nágrenni við Ólafsfjörð blasa einnig dæmin við, t.d. á Siglufirði og árangur Skf. Eyfirðinga í Kjarnaskógi.

Tilgangur hins nýstofnaða félags er að efla trjá- og skógrækt á Ólafsfirði eftir því sem föng og aðstæður leyfa og er markmiðið að vekja áhuga íbúa í bænum og virkja þá til þátttöku. Stefnt er að því að taka fyrir svæði til skógræktar í firðinum svo víða sem þess er kostur. Allir sem eiga eða hafa átt lögheimili á Ólafsfirði geta orðið félagar í Skógræktarfélagi Ólafsfjarðar.

Við bjóðum Ólafsfirðinga velkomna til ræktunarstarfa.



Skógræktarstöðin
BARRI HF
Egilsstöðum

Skógarplöntur í fjölpottum:

- Íslenskt birki
- Hengibjörk
- Blágreni
- Sitkagreni
- Rússalerki
- Stafafura

Gróðursetningaverkfæri:

- Gróðursetningastafur
- Gróðursetningarör
- Fjölpottabelti

Jarðvegsefni og áburður:

- Smitmold í sekkjum
- Gróðurmold í sekkjum
- Perlusteinn; jarðvegsbættandi
- Fljótandi áburður

Tekið við pöntunum í síma
97-12370 og 12371
Fax 97-12376

Íslenskar tækninýjungar í skógrækt

Spóastaðaplógurinn og aðrir skógræktarplógar

Lengi hefur skógræktarmönnum verið það umhugsunarefni hvernig hægt væri á sem bestan hátt að búa deiglendi og framræstar mýrar undir gróðursetningu.

Slíkur undirbúningur þarf að vera tvíþættur. Í fyrsta lagi þarf að veita burtu yfirborðsvatni til að hindra drukkun plantna að undangengnum miklum rigningum. Að vetri til myndast svellbunkar í kringum bleytur og þar er plöntum því ekki vært.

Í öðru lagi þarf undirbúningurinn að fela í sér að það myndist gott plöntustæði, laust við samkeppnisgróður og í sem bestu skjóli.

Margar aðferðir hafa verið reyndar með misgóðum árangri. Skógrækt ríkisins eignaðist á sínum tíma stóran skurðplóg sem ristir 40 - 50 cm djúpa skurði sem jafnframt eiga að ræsa fram landið. Ókosturinn við þann plóg er að landið verður nánast ófært yfirferðar vegna skurðanna. Það hefur líka komið í ljós í Skotlandi þar sem svipaðir plógar hafa verið mikið notaðir, að rótarvöxtur trjáanna verður óeðlilegur og hætta á að þau falli um koll er mjög mikil því að ræturnar ná ekki að vaxa undir skurðina.

Önnur aðferð er plægning með venjulegum einskera en þar losnar plógstrengurinn ekki frá skurðbarminum þannig að hann vill velta aftur ofan í skurðinn.

Þessi vandamál hafa leitt til þess að skógræktarmenn hafa sest niður og reynt að hanna plóg sem sker hæfilegan streng og leggur hann á hvolf við hliðina á, ekki of djúpum skurði.

Spóastaðaplógurinn er fyrsti skógræktarplógurinn sem smíðaður er hér á landi. Hann smíðaði Þorfinnur Þórarinnsson, bóndi á Spóastöðum í Biskupstungum. Þorfinnur stundar nytjaskógrækt og er landið að mestu framræst mýrlendi. Plógurinn hefur reynt ágætlega og hefur víða verið notaður. Þrátt fyrir það segist Þorfinnur ekki vera ánægður og kveðst mundu að fenginni reynslu hafa smíðað hann allt öðru vísi.




Spóastaðaplógurinn.

Mynd: A.Sn.(S.Í.)

Fleiri hafa reynt að smíða plóga í sama tilgangi. Nýlega var smíðaður plógur á Hvolsvelli. Hann er kenndur við Markús Runólfsson formann Skf. Rangæinga og er í eign félagsins. Sá er nettari en Spóastaðaplógurinn og er með skurðarhjól þannig að skurðurinn verður fínni. Aftur á móti snýr hann ekki strengnum við eins og raunin er með Spóastaðaplóginn.

Einnig hafa verið smíðaðir plógar á Héraði, á vegum Héradsskóga og í Borgarfirði, á vegum Skógræktar ríkisins í Skorradal. Þeir eiga það báðir sameiginlegt að skera frekar þunna torfu eða streng og leggja hann á hvolf við hliðina á skurðinum. Síðan er plantað ofan á torfunu. Plógurinn úr Borgarfirði er sérstaklega hannaður til að undirbúa gömul tún fyrir gróðursetningu.

Lengi má gott bæta. Ljóst er að þróun skógræktarplógs fyrir íslenskar aðstæður er langt frá því lokið og mun halda áfram þar til menn verða fullkomlega ánægðir með árangurinn.



Hugmynd að góðu plógfari.

Mynd: A.Sn.



Plastlagningarvél frá Lágafelli.

Mynd: B.J. (S.Í.)

Sjálflokandi hlið í Daníelslundi

Hver kannast ekki við það þegar sí og æ þarf að benda börnum og ekki síður fullorðnum á að loka á eftir sér inni-sem útihurðum. Því miður er enginn til að fylgjast með og benda fólki á að það verði að loka á eftir sér hliðum á skógræktargirðingum.

Skógræktarmenn hafa leyst þetta vandamál á mörgum stöðum með því að setja upp tröppur yfir girðingar, svokallaðar girðingaprílur. Þær þjóna ágætlega stöðum þar sem umferð er ekki of mikil. Ókostur við prílurnar er að eldra fólk og fatlaðir eiga erfitt með að komast yfir þær.

Skógræktarfélag Borgfirðinga hefur leyst þetta á mjög skemmtilegan hátt í Daníelslundi við Svignaskarð í Borgarfirði. Þar er mikil umferð ferðamanna allan ársins hring en engin stöðug varsla fyrir hendi.

Formaður félagsins, Guðmundur Þorsteinsson bóndi í Efri-Hrepp, hannaði og smíðaði hlið sem lokast sjálfkrafa. Eins og sjá má á myndinni er hliðið ekkert ósvipað öðrum hliðum en galdurinn er að það er aðeins fest við rammann að ofan, með stýrisenda úr bíl. Að neðan leikur það laust á kjálkum. Þegar hliðinu er sleppt, fellur það undan eigin þunga í lokaða stöðu. Hliðstólpanir eru soðnir á undirgrind sem er lögð á jörðina og helst því bilið milli stólpanna óbifað þrátt fyrir að jörðin undir því hreyfist í frosti.

Þetta er einstaklega einföld en snjöll hugmynd. Aðalatriðið er að hliðgrindin sé það þung að ekki sé hætta á því að hún fjúki upp í vindi.

Samskonar hliði hefur verið komið fyrir við annan

vinsælan skógarreit, Ólafslund við Vatnsdalshóla í Húnavatnssýslu.

Öllum sem áhuga hafa á að fá nánari upplýsingar um hliðið er bent á að hafa samband við Guðmund í Efri-Hrepp.



Hliðið í Daníelslundi.

Mynd: A.Sn.(S.Í.)

Plastlagningarvél frá Lágafelli

Skjólbeltarækt hefur verið stunduð hér á landi um árabil. Ýmis vandamál hafa komið upp sem vakið hafa hugvitsmenn til umhugsunar um úrbætur.

Eitt helsta vandamálið hefur verið að halda í skefjum illgresi í beltunum en það veldur vaxtartregðu hjá plöntunum og í verstu tilvikum kæfir það þær. Það er ærið verk að halda beltunum hreinum og illgresislyf eru vandmeðfarin og notkun þeirra kostnaðarsöm.

Byrjað var að nota plastlagningarvélar til að leggja svart plast á stiklingabeð í gróðrarstöðvum nokkru áður en mönnum datt í hug að nota þær til að leggja plast fyrir skjólbelti.

Sú hugdatta olli straumhvörfum í skjólbeltaræktinni því að með plastinu er ekki bara illgresi haldið í skefjum heldur gerir plastið annað gagn. Það eykur jarðvegshitann í beltunum þegar sólin skin á svartan plastflötinn og á þurrari svæðum hindrar það vatnsuppgufun úr jarðveginum.

Plastlöggnin er að vísu langt frá að vera vandræðalaus því að það skiptir verulegu máli að plastið sitji sem fastast eftir að búið er að leggja það. Gripið hefur verið til margra ráða til að hemja plastið, t.d. að strá mól yfir það en það er nokkuð dýr og seinvirk aðferð. Venjulega plastlagningarvél verður því að betrubæta ef plastlöggnin á að heppnast.

Magnús Finnbogason bóndi á Lágafelli í Landeyjum hefur stundað skjólbeltarækt um nokkurt skeið á jörð sinni og er í fremstu röð skjólbeltaræktenda á Suðurlandi. Hann

hefur ásamt syni sínum smíðað plastlagningarvél sem njörvar plastið það vel niður að íslensk óveður ná ekki einu sinni að rífa það upp! Vélin leggur plastið á svipaðan hátt og aðrar vélar, þ.e. plægir niður kantana, en þar að auki kastar hún kögglum upp á það þannig að það nær ekki að slást til og losna.



Nýlagt plast eftir vélinu.

Mynd: A.Sn.(S.Í.)

Skóg- og trjárækt á Ströndum

Fæstum dettur í hug skógrækt þegar Strandasýslu ber á góma. Því er ekki að leyna að Strandirnar eru án efa eitt af þeim svæðum á landinu þar sem skilyrði til skógræktar eru hvað erfðust. Sumur eru köld og vetur langir og snjóþungir. Fólkið á Ströndum hefur þó ekki síður áhuga á ræktunarstörfum en aðrir landsmenn en sníður sér bara stakk eftir vexti. Í september síðastliðnum ferðaðist starfsmaður Skf. Íslands um Strandir í fylgd með skógræktarfélagsmönnum þar og sá þá margt sem kom á óvart.



Fallegur trjágardur við heimahús á Hólmavík.

Mynd: A.Sn. (S.Í.)

Skógræktarfélag Strandasýslu.

Félagið var stofnað 1950 og var þá þegar hafist handa við að planta barrviðum og birki í tvær litlar girðingar í nágrenni Hólmavíkur. Segja má að þessar tilraunir hafi mistekist og dregið máttinn úr félaginu. Starfsemi var því komin í lágmark þar til Landgræðsluskógar komu til sögunnar. Nú er félagið aftur orðið virkt og er plantað árlega í landgræðsluskóga-svæðið í hæðunum fyrir ofan Hólmavík.

Trjárækt á Hólmavík.

Óhætt er að segja að trjárækt á Hólmavík hafi tekið miklum stakkaskiptum á síðustu 10 árum. Fyrr á árum voru aðeins fáeinir garðar á Hólmavík sem gátu státað af trjágróðri en nú er það frekar undantekning að sjá þar garð án trjáplantna. Það sem ýtt hefur undir þessa þróun, fyrir utan

aukinn almennan áhuga á trjárækt, er að Hólmvíkingar hafa fundið þær tegundir sem henta þeirra aðstæðum betur en barrviðirnir sem gróðursettir voru á sjötta og sjöunda áratugnum.

Val á trjátegundum.

Eins og áður sagði mistókust tilraunir við útplöntun ýmissa barrviða á Ströndum. Plantað var nokkru af sitkagreni, skógarfuru, rauðgreni, síberíulerki og íslensku birki á árunum 1950 - 62. Í girðingunni sem næst er Hólmavík standa enn þá leifarnar af þessum útplöntunum þrátt fyrir að girðingin sé fallin. Ekkert sést af birkinu en barrtrén tóra og eru vægast sagt óhrjálæg.

Þær tegundir sem virðast spjara sig best eru víðitegundir og sést það best á yngri ræktun í Hólmavík. Þar standa upp úr, í orðsins fyllstu merkingu alaskavíðir brúnn (Gústa) og gulvíðir ættaður af Ströndum, í daglegu tali kallaður strandavíðir.

Aðrar tegundir sem virðist vera hægt að rækta eru sitkagreni, blágreni, stafafura, reyniviður og birki. Þær eiga það þó allar sammerkt að þær verður að rækta í góðu skjóli og þarfnast mikillar umhirðu ef þær eiga að ná einhverjum þroska. Þær væri t.d. hægt að rækta í skjóli víðiplantna.

Það væri ómaksins vert að reyna í litlum mæli eitthvað af þeim



Vanskapað lerki í gömlu skógræktarfélagsgirðingaunni á Þiðriksvöllum, rétt utan við Hólmavík.

Mynd: A.Sn. (S.Í.)

Skóg- og trjárækt á Ströndum

harðgerðu trjá- og runnategundum sem nýlega hafa borist til landsins frá Alaska og austurströnd Rússlands. Sama má segja um harðgerðar elri- og furutegundir, s.s. fjalla- og bergfuru og kjarr- og sitkælrí.

Framtíðin er björt.

Strandamenn eru bjartsýnir á að þeir séu nú á réttri braut. Þeir hafa plantað undanfarin ár í útivistarsvæðið við Hólmavík með ágætum árangri, aðallega víði og dálitlu af sitkagreni. Um svæðið er líka búið að leggja ágætis göngustíg.

Rétt áður en komið er að Hólmavík er á vinstri hönd minningarlundur um Hermann Jónasson ráðherra. Lundurinn er á mjög skemmtilegum stað í landi jarðarinnar Skeljavíkur sem er nú hluti af bæjarlandi Hólmavíkur. Svæðið utan við lundinn er ákjósanlegt framtíðarathafnasvæði Skógræktarfélags Strandasýslu.

Ef tekin eru saman helstu atriði sem félagið gæti lagt áherslu á næstu árin eru þau helstu:

Að fjölga alaskavíði með stiklingum og dreifa honum meðal Strandamanna.

Hafa frumkvæði að því að prófa fleiri klóna eða afbrigði af alaskavíði og einnig fleiri harðgerðar víðitegundir.

Koma sér upp nýju skógræktarsvæði í nágrenni byggðar eða þjóðbrautar sem síðar gæti nýst sem áningarstaður fyrir ferðamenn og útivistarsvæði fyrir heimamenn.

Után Hólmavíkur er stunduð ræktun á nokkrum stöðum, t.d. á Drangnesi og í Bjarnarfirði, en á jörðinni Bakka í Bjarnarfirði hefur verið unnið ómælt frumherjastarf í ræktun á allskyns trjátegundum og runnum við afar erfiðar aðstæður.

Strandamenn munu meira að segja innan tíðar eignast skógfræðing. Húsfreyjan á Bakka, Arnlín Óladóttir, hefur undanfarna vetur numið skógfræði í Skotlandi og er við engu öðru að búast en að hún snúi aftur til heimaslóða og geti orðið Strandamönnum stoð og stytta í skógræktarstarfinu.



Vel snyrt strandavíðishekk í nýlegum garði við heimahús á Hólmavík.

Mynd: A.Sn. (S.Í.)



Alaskavíðir brúnn orðinn á fimmta metra á rúmum tíu árum á skjóllausri sléttunni á Bakka í Bjarnarfirði.

Mynd: A.Sn. (S.Í.)

Ekki er allt nýtt sem nú er predikað

Nú eru skógræktarmenn mjög uppteknir af því að blanda saman tegundum í nýskógum og er gott eitt um það að segja. Blöndun trjáteguna dreifir áhættunni við skógrækt því að það er aldrei hægt að útiloka að trjátegundir verði fyrir alvarlegu áfalli og er því öruggara að byggja á fleiri en einni tegund á hverjum stað.

Skógarnir verða fjölbreyttari með fleiri en einni tegund auk þess sem talið er að margar trjátegundir hafi góð áhrif hver á aðra þegar þær vaxa hlið við hlið.

Þrátt fyrir þetta eru ekki mörg ár síðan að það heyrði til undantekninga við gróðursetningu, að tegundum trjáa væri blandað vísvitandi saman.

En þetta með blöndun tegunda

er ekki nein ný sannindi. Skóglærðir menn lögðu þetta til snemma á þessari öld. Í bréfi til Kofoed-Hansens skógræktarstjóra, dagsett 5. apríl 1927, gefur A.Oppermann, forstöðumaður Dönsku skógræktarrannsóknastöðvarinnar, góð ráð um ræktun grenis á Íslandi. Á stöðum eins og Íslandi þar sem vaxtarskilyrði eru erfið telur hann nauðsynlegt að blanda saman við grenið lauftrjám, furu eða lerki til að auka þrif skógarins, þrátt fyrir að umhirða skógarins verði flóknari og erfiðari.



**FYRIR GARÐA
OG SUMARHÚS**
MR búðin • Laugavegi 164
sími 11125 • 24355

Birkirætur

Oft hafa menn velt fyrir sér þrautseigju íslenska birkisins en það hefur mátt þola margskonar hremmingar um árpúsundir. Frá landnámi norrænna manna var það fyrst og fremst rányrkja mannsins, sem olli því að litlu mátti muna að allir birkiskógar landsins hyrfu.

Skýringar á þrautseigju birkisins eru vafalaust margar en eitt dæmi um eiginleika þess sýndi Baldur Þorsteinsson skógfræðingur Laufblöðungi fyrir nokkru en hann hafði tekið eftir sérstökum eiginleikum birkisins í Sauðhússkógi í Borgarfirði. Rótarhlutinn og stofn birkisins sýnir að birkið getur skotið rótum úr stofni trésins a.m.k. hálfum metra ofan við rótarháls.

Hér hefur móðir náttúra væntanlega brugðist við í þeim tilvikum, þegar trén hafa lagst á hliðina undan snjóþyngslum. Vel er þekkt að algengasta endurnýjun birkiskóga á sér stað með því að trén skjóta rötarskotum við rótarháls trésins en að rætur geti myndast töluvert uppi á stofni hefur ekki verið staðfest svo vitað sé. Fróðlegt væri að heyra frá lesendum ef þeir kannast við svipuð dæmi. Við þetta má svo bæta að mjög algengt er að sjá birki hjara við kröpp kjör þar sem uppblástur og jarðvegseyðing eru í algleymingi. Þar er algengt að sjá birkihríslur klóra sig fastar í jarðvegstorfur og nemur lengd birkiróta oft metrum.



Með hækkandi sól
Zinck Lysbro
- Jordens bedste
Yfir 100 ára reynsla
Traust garðábönd eru best í garðinn þinn
Umboðsmenn á Íslandi:
K. Þorsteinsson & Co.
Skútuvoði 10E, 104 Reykjavík,
sími 685722, fax 687581

Sniðug en ódýr lausn á skiltagerð hjá Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar

Í vetur hefur gerð skilta á útivistar- og skógræktarsvæðum verið mjög til umræðu. Uppsetning skilta sem í senn kynna skógræktina á svæðinu og veita upplýsingar um útivistarmöguleika til almennings er afar mikilvægur þáttur í að gera skógræktarreitina aðgengilega fyrir almenning og útivist í þeim fræðandi og ánægjulega.

Bandarískur sérfræðingur á þessu sviði kom til landsins í boði Náttúruverndarráðs, Skógræktar og Landgræðslu ríkisins en Bandaríkjamenn standa framarlega á þessu sviði þar sem þeir hafa lagt mikla áherslu á kynna almenningi þjóðgarða sína.

Fulltrúafundur Skf. Íslands var einmitt helgaður möguleikum almennings á að nýta sér skógana til útivistar og þar var m.a. kynnt ýmiskonar skiltagerð.

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar hefur sinnt þessum málum af mikilli alvöru og hafa þeir sett á laggirnar sérstaka nefnd þriggja manna til að fylgja skiltagerðinni eftir. Þeir hafa lagt á sig ómælda vinnu í vetur við að leita að lausn sem í senn er ódýr en þó vönduð.

Að sögn Halldórs Sigurðssonar, en hann er einn nefndarmanna, völdu þeir á endanum mjög sniðuga lausn.

Spjaldið með upplýsingunum er hannað og frágengið í tölvu. Kortagrunnurinn er í þeirra tilviki loftmynd sem er skönnuð inn í tölvuna en síðan er texti og annað fært inn á kortið frá tölvuskjá. Hægt er að nota hvaða kortagrunn sem er og einnig er hægt að nota venjulega ljósmynd af svæðinu. Þegar spjaldið er tilbúið er það síðan prentað út á 6 mm plastplötu sem er nokkuð stíf. Breidd plötunnar getur verið mest 85 cm en lengdin getur verið nánast ótakmörkuð. Plötustærðin fyrir Hamrahlíðarskiltið er 85 x 130 cm sem er mjög hæfileg stærð fyrir yfirlitsskilti.

Það sem er snjallast við þessa lausn þeirra Mosfellinga er að mynd af spjaldinu eiga þeir til á tölvudisklingi. Ef það skemmist einhverra hluta vegna, sem ekki er óalgengt með skilti hér á landi, er lítið mál að skipta um sjálft spjaldið og kostar nýtt spjald ekki nema nokkur þúsund krónur í endurprentun. Það er líka lítið mál að breyta og bæta inn upplýsingum á spjaldið ef einhverjar breytingar verða í skógræktarreitnum sem vert er að geta á spjaldinu, s.s. uppsetning grillaðstöðu, gerð nýrra göngustíga o.s.frv.

Frumgerð spjaldsins er heldur ekki dýr, hönnun, frágangur og fyrsta

útprentun á Hamrahlíðarspjaldinu kostaði tæpar 18.000 kr.

Spjaldið er síðan sett inn í gegnfúavarinn, traustan og endingargóðan ramma sem er boltaður fastur á milli tveggja sterkbyggðra staura, þannig að sjálf grindin er mjög sterkbyggð og endingargóð.

Undir spjaldið í rammanum er sett vatnsheld krossviðarplata og ofan á það plexigler sem síðan er fest inn í rammann með skrúfuðum gluggalistum. Það er því fljótlegt að taka spjaldið úr ef þarf að skipta um það.

Í heild kostar efnið í skiltið um 50.000 kr. sem er afar lágt verð miðað við tölur sem nefndar hafa verið í sambandi við skiltagerð en þær hæstu hlaupa á milljónum króna.

Skiltið í Hamrahlíð verður sett upp innan tíðar og Mosfellingar ætla að setja upp samskonar skilti á önnur skógræktarsvæði hjá sér og verður spennandi að fylgjast með því hvernig þessi skilti endast.

Framtak Skf. Mosfellssveitar er virðingarvert og vonandi getur hugmynd þeirra komið öðrum til góða. Halldór Sigurðsson veitir öllum sem vilja nánari upplýsingar um skiltagerðina í síma 91-666636.

HAMRAHLÍÐ
SKÓGRÆKTARSVÆÐI Í HLÍÐUM ÚLFARSEFELS
MOSFELLSBÆJAR

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar var stofnað árið 1995 og er hlag áhragsfélags sem skógrækt og gróðurvernd. Það er eitt af stóruhlöðum Skógræktarfélags Íslands.

Hamrahlíðin er 42,8 ha að stærð. Skógræktarfélag Mosfellsbæjar hóf gróðursetningu hér í reitnum vorið 1957 og hefur verið gróðursett eitt hvítt á hverju ári síðan. Fyrstu trjátegundirnar voru birki, sitkagreni og rauðgreni. Háachi sitkagrenibörn eru um 9,5 metrar árið 1994.

Eftirlitardar legundir eru á svæðinu:

- Birki
- Sitkagreni
- Rauðgreni
- Sitkabastarður
- Broddgreni
- Blágreni
- Bergfura
- Stafafura
- Rússalærki
- Siberiulærki
- Alaskaþasp
- Viðja
- Hansarósnir
- Loðviðir
- Íslenskur Reynir
- Cýprisviður

GÖNGUM VEL UM GRÓIÐ LAND

Skemmdir á trjágróðri í snjóflóðinu á Ísafirði

Allir eru sammála um að snjóflóðin á Ísafirði séu hörmulegur atburður sem ekki var með neinu móti hægt að sjá fyrir. Afleiðingarnar eru varanlegar. Mannslíf verður ekki bætt. Það mun taka nokkurn tíma að byggja upp hús og mannvirki sem eyðilögðust. Einnig mun taka sinn tíma að bæta trjágróður sem flóðið eyðilagði. Mesta eftirsjáin í trjágróðri er auðvitað Simsongarðurinn, en garðurinn er vitnisburður um stórhuga mann.

Martinus Simson, eins og hann hét fullu nafni var danskur að uppruna en, fluttist ungur til landsins og settist að á Ísafirði. Víst er um það að Simson átti stóran þátt í þeirri skógrækt sem gat að líta í Tungudal. Ætlun hans var að rækta nytjaskóg sem gæti í framtíðinni orðið Ísfirðingum góð búbót. Hann kom á lagginnar uppeldisstöð fyrir trjáplöntur en megnið af trjágróðrinum í uppeldisstöðinni eyðilagðist.

Þessar hamfarir gefa tilefni til að velta fyrir sér hvort trjágróður eða skógur geti dregið úr snjóflóðahættu. Þetta atriði hefur oft komið til umræðu á fundum skógræktarfélaganna en menn ekki verið sammála um hvort trjágróður eða skógur geti dregið úr eða komið í veg fyrir tjón af völdum snjóflóða. Margur skyldi ætla að atvikið í Tungudal sýni að trjágróður stöðvi ekki snjóflóð. Laufblöðungur hallast frekar á sveif með því sjónarmiði að hægt sé að nota trjágróður og rækta skóga til að draga úr eyðileggingarmætti snjóflóða.

Víða erlendis er skógrækt vel þekkt aðferð til að koma í veg fyrir



Frá snjóflóðasvæðinu í Tungudal í Ísafirði.

Mynd: B.J. (S.Í.)

skemmdir af völdum snjóflóða. Í Ölpunum í Sviss eru nokkur þorp sem beinlínis eiga allt sitt undir skóginum. Þar eru belti af stórvöxnum barrskógi sem mynda nokkurs konar múr í hlíðunum ofan byggðar og hindra að flóð valdi tjóni. Ef til vill er vandamálið sem við eigum við að glíma hér á landi það að vaxtarskilyrði þeirra trjategunda sem við getum einna helst notað eru takmörkuð. Á stöðum þar sem hætta er á flóðum vaxa viðkomandi trjategundir ekki verulega hátt upp í fjallshlíðarnar. Þetta hefur mikið að segja þegar þarf að binda snjóinn ofarlega í fjallshlíðum þar sem upptök flóða gætu verið. Ef þessi

binding er ekki fyrir hendi er ekkert, sem hindrar að snjóflóð fari af stað. Ef snjómassi verður fyrir hindrun áður en hann nær fullum fallhraða eru líkur á því að mótstaða eins og trjágróður dragi að einhverju marki úr hraða flóðs. Annað atriðið sem vert er að gera sér grein fyrir er að eftir því sem skógurinn verður stórvaxnari og stofnar sverari aukast líkurnar á því að trén standist krafta minni flóða. Skógurinn virkar þá sem nokkurs konar sía sem flóðið fer um og allar líkur á því að það stöðvist fyrir.



TÍGULGRINDUR

Til stuðnings og skjóls, trjám og runnum yfir veturinn.

Endalaust hægt að bæta við.
Mjög auðvelt í uppsetningu og sveigjanlegt t.d. fyrir garðboga og veggi.
Upplagt sem létt girðing utan um blómabeð.

Í GARÐINN, Á HEIMILIÐ, Á SKRIFSTOFUNA.
FÆST Í SEX LITUM SMELLUR SAMAN

Heildsala – Smásala
VÖRUFELL HF.
HEIÐVANGI 4, 850 HELLU, Sími 98-75870
Ath. lokað á þriðjudögum.



Hreggstaðavíðir - ný íslensk víðtegund

Hafa lesendur heyrt tegundarinnar getið? Hreggstaðavíðir, hvaða kynja- kvistur skyldi það vera?

Nokkur orð um þessa lítt kynntu víðitegund. Þessi tegund er lítið notuð þrátt fyrir ótvíræða kosti. Hvort nafninu er um að kenna skal ósagt látið en það vekur óneitanlega upp hálfgerðan hroll og minnir á vetrarstorma og bylji. Reyndar er tilurð víðisins sérstök. Upp úr 1963 sest Sigurbjörn Björnsson, mikill ræktunar- maður, að í Mosfellssveit og byrjar þar strax ræktun. Reyndar var Sigurbjörn þá kominn hátt á sjötugsaldur og aldrei ætlun hans að byggja upp gróðrarstöð enda landið hálfgerð ótætisland. Engu að síður var ræktunaráhuginn sá sami og sett voru niður belti af ýmsum tegundum. Aðstæður voru erfiðar og margt af því sem reynt var að koma upp átti aldrei lífsvon.

Við eina spilduna hagaði þannig til að tvö belti skárust og var brekkuvíðir (kvenplöntur) í öðru en víðja (karlplöntur) í hinu. Fljótlega kom í ljós að töluvert kom upp af sáðplöntum í spildunni fram af brekkuvíðinum og eftir þessu tóku þeir Sigurbjörn og sonur hans Björn. Óli

Valur Hansson fyrrverandi ráðunautur hafði á orði við þá feðga að rétt væri að halda einhverju af þessu til haga. Það gekk svo eftir og vorið 1970 voru efnilegustu plönturnar, þá um tveggja ára, settar í 150 m langt einraða belti sem í dag er orðið á fimmta metra á hæð.

Árið 1974 velur svo Óli Valur og þeir feðgar 13 plöntur úr beltinu sem þóttu bera af. Nokkrum árum síðar þóttu bara tvær plöntur koma til greina til áframhaldandi ræktunar og voru það plöntur sín af hvoru kyninu. Ekki þótti þeim feðgum nóg að gert þar sem kvenplantan þótti hafa í sér óþrif, en sveppur sótti á stofninn eins og algengt er á brekkuvíði þannig að eftir þennan hreinsunareld stóðu menn uppi með aðeins eina plöntu eða klón sem kallaður hefur verið hreggstaðavíðir.

Nafn víðisins er til komið vegna þess að Sigurbjörn nefndi bæ sinn Hreggstaði en sonur hans Björn sem nú hefur tekið við búinu og rekur þar myndarlega gróðrarstöð breytti nafninu í Gróandann að Grásteinum. Hreggstaðavíðirinn hefur erfð marga af bestu kostum foreldranna. Hann hefur öll vaxtar-einkenni víðjunnar, er

beinvaxinn og uppréttur, sprotarnir dökkbrúnir og að vaxtarhraða og lengd sprotanna svipaður viðjunn þannig að ætla mætti að hann gæti orðið álíka hávaxinn og hún. Hliðargreinar og brum eru hins vegar líkari því sem gerist hjá brekkuvíði, þ.e.a.s. vöxturinn er allur þéttari og sprotar greinóttari.

Blöð hreggstaðavíðisins eru aftur á móti lík brekkuvíði í alla staði. Þau eru þykk, egglega, sterkleg og blaðfóturinn öflugur.

Hreggstaðavíðirinn sameinar þannig ýmsa kosti þessara tveggja tegunda og er á margan hátt föður- og móðurbetrungur. Hann er að sumu leyti öflugri en víðja en verður hærri en brekkuvíðirinn. Hann þolir saltrok og vindgnauð jafnvel og brekkuvíðirinn og hentar því sérstaklega vel við sjávarsíðuna, ekki síst í limgerði.

Þrátt fyrir að víðirinn hafi komið undir við „hreggbarin“ skilyrði getur hann kalið lítills háttar í samanburði við harðgerðustu víðiklóna, eins og t.d. Gústu (alaskavíði brúnan) og þá sérstaklega ef hann er hafður í rýru landi.



ÚRVALS ÁBURÐUR

- Garðnæring** fyrir skruðgarða í 1 kg. pökkum.
- Blómanæring** fyrir stofublóm og gróðurhúsajurtir í 1/2 og 5 lítra brúsum.
- Mosaeyðir** fyrir grasflatir í 2ja kg. pökkum.
- Kalkkorn** fyrir matjurtagarðinn í 5 og 10 kg. pokum.
- Graskorn** fyrir grasflatir í 5 kg. pokum.
- Trjáskorn** fyrir tré og runna í 5 kg. pokum.
- Skeljakalk** fyrir allan garðinn í 5 kg. pokum.
- Blákorn** fyrir matjurtir og skruðgarða í 5 og 10 kg. pokum.

ÁBURÐARVERKSMÍÐJA RÍKISINS



Klippt og skorið með...

GARDENA®

Við búum að
áratuga reynslu í
ræktun og
landbótum.
Við bjóðum gott
verð, þjónustu og
ráðgjöf.

Skógarplönturnar
frá okkur hafa
leyst margan
vanda.



SKÓGRÆKTARFÉLAG REYKJAVÍKUR

Fossvogsbletti 1 • 108 Reykjavík
Sími 91-641770 • Fax 91-642183



TILBOÐ

Kr. **19.700,-** stgr.

STIGA kurlari 1300 W, sem endurnýtir næringuna úr garðinum. Fjölbreytt úrval af sláttuvélum, valsavélum, loftpúðavélum, vélloftum, limgerðisklippum, jarðvegstæturum, mosatæturum, snjóblásurum o.fl.



STIGA
HAMRABORG 1-3
KÓPAVOGI SÍMI 91-641864

ÞÖRUNGAMJÖL BÆTIR GARÐINN

- Umhverfisvænn áburður
- Ríkur af bætiefnum sjávar
- Bætir frjómagn jarðvegs
- Flýttir vexti plantna
- Notist með öðrum áburði

TILVALIÐ Í GARÐINN

PAR SEM GÆÐIN SITJA Í FYRIRRÚMI



ÞÖRUNGAVERKSMIÐJAN
380 Reykhólum
Sími: 93-47740

SÖLUADILAR

Blómaval
Gróðurvörur
ESSO bensinsjöðvar
Olís bensinstöðvar
BYKO
Húsmiðjan
Járn og skip
Kaupfélag Árnesinga
Kaupfélag Borgfirðinga
KEA
Kaupfélag Skagfirðinga
og fleiri

HEILDSALA

Frjó hf. Heildverslun
Sími: 677860

Nýir afhendingarseðlar með skógarplöntum

Í vetur hefur verið unnið að gerð nýrra seðla fyrir skógarplöntur sem eru í senn afhendingarseðlar fyrir gróðurstöðvar og seðlar til að skrá hvar plönturnar eru gróðursettar. Sérstakur samvinnuhópur helstu aðila í skógrækt á Íslandi var settur á laggjarnar með það að markmiði að staðla skráningu skógræktar á landinu.

Gerð seðilsins er fyrsta verkefnið á vegum hópsins og tilgangurinn með seðlinum að:

1. Auðvelda og staðla skráningu hjá plöntuframleiðendum og plöntunotendum.
2. Stuðla að því að upplýsingar um uppruna plantna fylgi þeim á útplöntunarstað.
3. Koma á landsskráningu á afhendingu og gróðursetningu skógar- og skjólbeltaplantna. Þannig að á hverju ári liggi fyrir áreiðanlegar tölur um plöntuframleiðslu og gróðursetningu.

Efri hluti seðilsins er í fjórri (afhendingarseðill).

Þeir sem afhenda plöntur, skrá upplýsingar á hann, rifa af tvö efstu eintökin, halda öðru eintakinu fyrir sig en senda hitt til landsskráningar. Sá sem flytur plönturnar á útplöntunarstað heldur síðan þriðja eintakinu sem kvittun fyrir því hann hafi komið plöntunum á áfangastað. Sá sem tekur við plöntunum á útplöntunarstað og plantar þeim skráir síðan útplöntunina á neðri seðilinn sem er í tvíríti (gróðursetningarseðill). Hann rífur síðan af annað eintakið og sendir það til landsskráningar en heldur sjálfur neðstu eintökunum af báðum seðlum.

Við biðjum alla skógræktarmenn að taka þátt í að bæta skógræktarskráningu, fylla út seðlana, halda þeim til haga og senda eintök til landsskráningar. Nánari upplýsingar, m.a. um hvert á að senda seðlana, er að finna á bakhlið þeirra.



STYRKJUM LANDGRÆÐSLU MEÐ
NORÐDEKK
Mest seldu dekk á Íslandi

Íslensk framleiðsla
á frábæru verði

GVS
Gúmmívinnustofan hf.

Af hverjum seldum hjólabarða
renna 10 kr. til Landgræðslu ríkisins

Réttarhálsi 2, s. 814008 & 814009 Skipholti 35 s. 31055

• VÉLADEILD FÁLKANS • VÉLADEILD FÁLKANS • VÉLADEILD FÁLKANS • VÉLADEILD FÁLKANS • VÉLADEILD FÁLKANS

í FARAR -
BRODDI



SKIL®
GARDVERKFÆRI

SLÁTTUORF
Mótor 250 og 400 vött.
Verð kr. 5.800 og 6.800

LIMGERÐSKLIPPUR
Mótor 400 vött
með öryggisrofa.
Bláðlengd 450 og 550 mm.
Klippa allt að 14 mm greinar.
Verð kr. 13.580.- og 14.600.-

1904 1994
90 ÁRA

PEKING REYNSLA ÞJÓNUSTA®
FÁLKINN
SUDURLANDSBRÁUT 8 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI: 91-81 46 70 • FAX: 91-68 58 84

• VÉLADEILD FÁLKANS • VÉLADEILD FÁLKANS • VÉLADEILD FÁLKANS • VÉLADEILD FÁLKANS • VÉLADEILD FÁLKANS •


Í skjólinu vaxa fögur tré

Skógræktarfélag Íslands hefur undanfarin ár gefið hlynplöntur af ýmsum tilefnum meðal annars til að stuðla að því að augu manna opnast fyrir þessari ágætu tegund. Ólafur Vilhjálmsson fyrrverandi formaður Skf. Hafnarfjarðar stendur hér við eina fallega hlynplöntu sem virðist dafna vel í skjólinu sem hann átti stóran þátt í að skapa, en hann hefur starfað í Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar frá fyrstu tíð og var formaður þess um árabíl.

Skjólíð sem skógurinn myndar hefur þau áhrif að hægt er að rækta fjölmargar viðkvæmar og kröfuharðar tegundir eins og hlyn en það eykur fjölbreytni skógarins og ánægju þeirra sem um skóginn fara.

Latneska heiti tegundarinnar er *Platanus*, dregið af gríska orðinu *platys* sem þýðir víður eða breiður. Hlynur hefur verið ræktaður hér á landi í allt að eina öld og er hann mest áberandi í Vesturbæ Reykjavíkur. Töluvert er um hlyn á Akureyri og víða um land má sjá fallega einstaklinga.

Eldri hlyntré, sem hér vaxa, eiga flest rætur sínar að rekja til Danmerkur. Á síðustu árum hefur orðið vart við að hlynur sé fluttur í nokkrum mæli frá Hollandi. Þrátt fyrir að dönsku hlyntrén ættu erfitt uppdráttar fyrstu árin eru þau nú hin mestu augnauyndi og bera oft mikið og þroskað fræ. Íslensku hlyntrén eru greinilega mun harðgerðari og virðast standast íslenska veðráttu betur en foreldramir. Þeir sem vilja fá sér fallegan hlyn í garðinn ættu því að ganga úr skugga um að plönturnar séu af íslenskum uppruna.



Ólafur Vilhjálmsson stendur hér við hliðina á ungum hlyni á Húshöfða í Hafnarfirði. Mynd: A.Sn. (S.Í.)

Allt í garðinn

Nýju Wedevåg verkfærin eru traust, eiguleg og vinnuvæn



- Nýtt handfang úr styrktu nylon efni hallar til að gefa betra grip.
- Skaftið er að mestu klætt með heilum járnhólki og styrktu nylon efni sem margfaldar endinguna.
- Skaftið fer einkar vel í hendi og á því eru engin hnoð eða skrúfur sem geta skaðað hendurnar.
- Ástigið og skóflublaðið er sérstaklega styrkt til átaka.
- Wedevåg gæðin kosta ekkert meira.



NORBERGS WEDEVÅG REDSKAP

ELLINGSEN

Grandagarði 2, Rvík. sími 28855, grænt númer 99-6288

Skiptiferð til Noregs

Eins og fram kom í síðasta tölublaði er fyrirhuguð skiptiferð skógræktarfélaganna í Noregi og á Íslandi í sumar, nánar tiltekið 24. júlí n.k. Farið verður með leiguvél til Brándheims og fyrsti dagurinn notaður til að skoða þennan sögufræga stað. Um kvöldið verður haldið norður á bóginn og til Mosjøen en þar verður hópnum skipt niður á tvo staði. Annar hluti hópsins mun halda til á landbúnaðarskólanum á Vefsn og vinna þá viku við gróðursetningu í nágrenninu. Hinn hluti hópsins mun hafa aðsetur á Alstahaug við ströndina og sinna svipuðum verkum. Að viku liðinni munu hóparnir skipta um verustaði og kynnast þannig meira af stórbrotinni náttúru Noregs. Vænta má þess að gestgjafar fari með þátttakendur í útsýnisferðir að loknu dagsverki. Þeir sem hafa áhuga á ferðinni verða að gera sér grein fyrir því að hér er um gróðursetningarferð að ræða og má reikna með a.m.k. 5-6 klukkutíma vinnu á dag án þess að spurt verði sérstaklega um afköst. En það er ljóst að allir þurfa að vera í góðu líkamlegu formi og viðbúnir einhverju erfiði.

Fargjald er krónur 28 þúsund og annan kostnað þurfa þátttakendur ekki að greiða þar sem fæði og upphald er að fullu greitt af gestgjöfum sem eru Skógræktarfélagið á Hálogalandi.

Frestur til að tilkynna þátttöku rennur út 15. júní n.k. Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í ferðinni hafi samband við skrifstofu Skf. Íslands, í síma 91- 18150, því enn eru laus sæti.

Vorsamkoma skógræktarmanna á Austurlandi

Skógræktarfélag Austurlands gekkst fyrir kvöldsamkomu þann 6. maí í tilefni níu áratuga skógræktar á Austurlandi. Um 50 fulltrúar skógræktarféлага á Austfjörðum ásamt skógræktarmönnum á Héraði mættu á samkomuna.

Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá, söng og ræðuhöld. Orri Hrafnkelsson form. Skf. Austurlands flutti stutt ávarp, síðan hélt Sigurður Blöndal fyrrverandi skógarvörður og skógræktarstjóri aðalræðu kvöldsins þar sem hann rakti sögu skógræktarfélaganna á Austfjörðum og skógrækt einstaklinga sem skarað hafa fram úr og verið öðrum gott fordæmi. Þá las Guðjón Sveinsson á Breiðdalsvík nokkur gullfalleg frumsamin ljóð. Þrjár skógræktarkempur voru heiðraðar en það voru þeir Björn Bjarnason í Birkihlíð, Þorsteinn Sigurðsson fyrrverandi læknir á Egilsstöðum og Pétur Sigurðsson á Ósi í Breiðdal. Veislustjórn var í léttum dúr í umsjón Hákonar Aðalsteinssonar en að hans sögn er hann eini skógarbóndinn á Fljótaldalshéraði og rakti hann í hnitmiðaðri samantekt ýmsar af raunum skógarbóndans sem geta skotið upp kollinum á Héraði.

Söngstjórn og undirleik annaðist hin fjölhæfi Jón K. Arnarsson en jafnframt tónlistaráhuganum sinnir hann stöðu ræktunarstjóra við Gróðrarstöðina Barra á Egilsstöðum.

„Leggjum gull í lófa framtíðarinnar“

Munum eftir merki Landgræðslusjóðs

á kosningardag !

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu þessa blaðs.

**Borgarnesbær
Búnaðarfélag Íslands
Djúpavogshreppur
Endurvinnslan
Ferðaskrifstofa Íslands
Fuji-umboðið, Ljósmyndavörur
Gróðrastöðin Grænahlíð
Hitaveita Reykjavíkur
Hitaveita Suðurnesja
Hofshreppur
Höfðahreppur
Hríseyjarhreppur
Húsvíkurkaupstaður
Húsgagnahöllin
Keflavík
Kópavogsbær
Landsvirkjun
Lundarreykjardalshreppur
Mjólkurbú Flóamanna
Morgunblaðið
Myndbær
Njarðvíkurbær
Ölfushreppur
Ora
Prentsmiðjan Edda
Reykjavíkurborg
Reyðafjarðarhreppur
Seltjarnarneskaupstaður
Siglufjarðarbær
Sjóvá - Almennar
Skaftárhreppur
Stokkseyrarhreppur
Tálknafjarðarhreppur
Vestmannaeyjabær
Vopnafjarðarhreppur
Vöruflutningamiðstöðin
Íssól
Ólafsfjarðarbær**



Skógræktarritið

Vandað tímarit,
þar sem á ítarlegan og aðgengilegan hátt er
fjallað um skógræðileg efni.
Ritið kemur út einu sinni á ári.

Gerist áskrifendur!

Skógræktarfélag Íslands, Ránargötu 18,
101 Reykjavík, sími: 91-18150

Laufblaðið

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands.

3. árgangur, 1. tölublað,
maí, 1994.

Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands.

Ábyrgðarmaður: Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Ritstjóri: Arnór Snorrason.

Prentun: Prentsmiðjan Edda.

Gefið út í 7 þúsund eintökum.




FERKANTAÐAR



I-STEINN



ÞREP



GÖTUSTEINN



JAXL



GRASSTEINN

STÉTT
HELLUSTEYPA

Elsta starfandi hellusteypa landsins.

Hyrjarhöfða 8 - 112 Reykjavík - Sími: 68 62 11 - Fax: 68 32 40

Opið virka daga frá kl. 8.00 til 18.00 og laugardaga frá kl. 10.00 til 14.00.